



# SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

## Uppbyggingarsjóður Vestfjarða Styrkir 2023

Yfirlit yfir styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2023. Umsóknir voru 103 talsins en veitt ný styrkvilyrði 62. Árangurshlutfall var þannig 60%.

Heildarupphæð styrkvilyrða var 43.300.000 kr.

Við þá upphæð bætast 11.850.000 kr. sem var úthlutað á árunum 2020-22 til verkefna sem tóku til fleiri en eins árs. Heildarúthlutun fyrir árið 2023 var því 55.150.000 kr. sem deilist á 69 verkefni.

Hér eru aðeins nefndir þeir sem hlutu styrkvilyrði í úthlutun vegna ársins 2023.

Stofn- og rekstrarstyrkir:

Kómedíuleikhúsið atvinnuleikhús Vestfjarða 2023	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	1.500.000
Sauðfjársetur á Ströndum - rekstur og uppbygging	Sauðfjársetur á Ströndum ses	1.500.000
Baskasetur	Baskasetur Íslands, félagasamtök	1.500.000
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum	Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	1.000.000
Hversdagssafn - museum of everyday life	Skóbúðin hversdagssafn ehf.	1.000.000
Artslceland og Úthverfa - rekstur	Kol og salt ehf	1.000.000
Safn Gísla á Uppsölum	Félag um safn Gísla á Uppsölum	1.000.000
	<b>Alls:</b>	<b>8.500.000</b>

Styrkir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna:

Galdur Brugghús - Auglýsingar og markaðsefni	Aleksandar Kuzmanic	2.250.000
Hvítisandur-sjóböð í Önunarfirði	Runólfur Ágústsson	1.500.000
Seeds of change: Seaweed farming for everyone	Fine Foods Íslandica ehf.	1.500.000
Dropi fyrir börn	True Westfjords ehf.	1.500.000
Rafræn félagsmiðstöð: Öll fá sömu tækifæri	Í skýjunum ehf.	900.000
Vaxtaverkir og vöruþróun	Cycling Westfjords ehf.	800.000
Sjóundssaðstaða á Þingeyri	Fasteignafélagið Þingeyri ehf.	760.000
Ilmkerti með vestfirskum ilmum	Fantastic Fjords ehf.	700.000
Þrjár bækur á ensku um íslenska þjóðtrú	Háskóli Íslands	700.000
ArcticFish Midnight Special	Tyler James Wacker	700.000
Þörungarræktun í hringrásarkerfi	Eldey Aqua ehf.	700.000
Frá Landinu - Artisanal home accessories	Ainara Aguilar Del Caz	600.000
Starfandi ferðamenn	Arnar Arinbjarnarson	500.000
Nýjar vörur fyrir gamla verslun.	Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson ehf.	500.000
Co-Living WestFjords	Leiry Yaritza Seron Hernandez	500.000
Hönnun og þróun minjagripalínu	Sauðfjársetur á Ströndum ses	500.000
Vörumessa MÍ	Menntaskólinn á Ísafirði	400.000
Viðskiptaáætlun fyrir vertical farming	Martina Dirr	350.000
Sjálfbærara samfélag með Bokashi	Guðfinna Lára Hávarðardóttir	300.000
Sjóstangveiði á Hólmavík - Vefsíðugerð	ÓBH Útgerð ehf.	300.000

Laupurinn - hús hrafnanna	Ingibjörg Rósa Björnsdóttir	300.000
Námskeið í náttúrustígagerð	Jóhann Birkir Helgason	250.000
	<b>Alls:</b>	<b>16.510.000</b>

Styrkir til menningarverkefna:

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu	Edinborgarhúsið ehf	1.500.000
Act alone 2023	Act alone, félagasamtök	1.200.000
The Pigeon International Film Festival	Steingrímur Rúnar Guðmundsson	1.100.000
Endurhönnun á Galdrasýningunni	Strandagaldur ses	900.000
Söngleikur – Samstarfsverkefni LL og TÍ	Litli leikklúbburinn	800.000
Blús milli fjalls og fjöru	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	750.000
International Westfjords Piano Festival	Andrew Junglin Yang	700.000
Ullarfléttan - ný sérsýning	Sauðfjársetur á Ströndum ses	700.000
Menningardagsskrá FLAK 2023	Flak ehf.	700.000
The Factory Art Exhibition	Hótel Djúpavík ehf.	700.000
Hádegistónleikar Ísafjarðar	Tónlistarskóli Ísafjarðar	600.000
Í takt við tímann - tæknimiðlun á safninu	Sauðfjársetur á Ströndum ses	600.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	600.000
Að beisla eldinn: Síðasti smiðurinn í vélsmiðjunni á Þingeyr	Austan mána ehf.	500.000
Steyptir draumar - líf og list Samúels Jónssonar	Félag um listasafn Samúels	500.000
Lendingarstaður fyrir geimverur - We are in Space	Kol og salt ehf	500.000
Ráðstefna um íslensku sæskrímslin	Félag áhugamanna um stofnun skrímslaseturs	500.000
Haukadalsfranska	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	500.000
SeaGirls: Ljósmyndasýning	Catherine Patricia Chambers	500.000
Leiklistarstarf fyrir börn	Halldóra Jónasdóttir	500.000

Minjasafn Egils Ólafssonar í 40 ár - afmælisdagsskrá	Minjasafn Egils Ólafssonar	500.000
Hljóðleiðsögn á Hnjóti	Minjasafn Egils Ólafssonar	400.000
3 F.Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði	Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi	400.000
Gallerí Úthverfa sýningar 2023	Kol og salt ehf	400.000
Pjötturnar	Tinna Ottesen	400.000
Skjaldbakan - fræðslustarf Skjaldborgar	Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg	340.000
Menningarhátíð Dunhaga	Dagný Alda Steinsdóttir	300.000
Marketing of workshop series "Write It Out"	Greta Lietuvninkaité-Suscické	300.000
Vetrarljós á Veturnóttum 2023	Kol og salt ehf	250.000
Hinsegindagar sunnanverða Vestfjarða	Eyrún Lind Árnadóttir	200.000
Samkomuhús Súðavíkur - viðburðir í apríl 2023	Elísabet Gunnarsdóttir	150.000
Artslceland viðburðir	Kol og salt ehf	150.000
Þjóðbúningur herra, námskeið - Samstarf milli svæða	Friðgerður Guðný Ómarsdóttir	150.000
	<b>Alls:</b>	<b>18.290.000</b>

Hér fyrir neðan er ofurlítill umfjöllun um hvert verkefni eins og því var lýst í umsókninni.



## Stofn- og rekstrarstyrkir 2023

Kómedíuleikhúsið  
atvinnuleikhús Vestfjarða  
1.500.000 kr

Kómedíuleikhúsið hefur starfað á Vestfjörðum síðan um aldamót og er fyrsta og eina atvinnuleikhús Vestfjarða. Leikhúsið hefur frumflutt yfir 50 leikverk sem langflest tengjast sögu Vestfjarða á einn eða annan hátt. Leikhúsið hefur verið í fararbroddi í vestfirsku leikhúsi í áratugi og hyggst bara bæta í.

### Sauðfjársetur á Ströndum

1.500.000 kr  
til tveggja ára

Sauðfjársetur á Ströndum er safn og menningarmiðstöð sem er til heimilis í félagsheimilinu Sævangi, um það bil 12 kílómetrum sunnan við Hólmavík. Húsið var byggt árið 1957, en Sauðfjársetrið hóf starfsemi í Sævangi árið 2002. Í Sævangi fer öll starfsemi Sauðfjársetursins fram og er viðburðadagskráin heldur betur lífleg og viðamikil.

Þar er einnig uppi fastasýning um sauðkindur og sveitafólk á Ströndum og tímabundnar sérsýningar um margvísleg efni, minjagripabúð og kaffihús.



### Baskasetur Íslands

Djúpavík  
1.500.000 kr

Basketri í Djúpavík er ætlað að verða miðstöð skapandi sjálfbærni í tengslum við breytta heimsmynd þar sem súrnun sjávar er yfirvofandi ógn og rusl í hafinu ógnar lífríkinu. Endurvinnsla með listrænni nálgun og nýsköpun ásamt áherslum á sjálfbærni verða aðaláhersluatriði Baskaseturs. Boðið verður upp á tónleika og alþjóðlegar vinnubúðir listafólks sem vinnur að endurvinnslulist í tengslum við hafið. Samstarf um verkefnið er þegar hafið við aðila á Spáni og Frakklandi auk innlendra aðila.



Báta- og hlunnindasýningin  
Reykhólum  
1.000.000 kr  
Sýningin er helguð bátum og hlunnindum Breiðafjarðar. Þar gefst öllum aldurshópum færi á að kynnast æðarfugli og súðbyrðingnum. Á neðri

hæð sýningarinnar er bátavélasýning. Sýningin leggur einnig áherslu á að vera með uppákomur eins og skemmtikvöld, fræðslufundi og bíður nemendum í heimsókn. Sýningin rekur einnig upplýsingamiðstöð fyrir Reykhólahrepp, minjagripaverslun og Bátakaffi. Svo fjölbreytileiki er í þeirri afþreyingu sem fólk getur sótt hjá sýningunni.

Hversdagssafn - museum of everyday life  
Skóbúðin, Ísafirði

1.000.000 kr

Á Hversdagssafninu er safnað og miðlað menningu hins daglega lífs í gegnum frásagnalist, sjón- og hljóðræna miðla. Aðstandendur safnsins búa til sýningar og verkefni sem eru byggðar á djúpvíðtölum. Á safninu eru nú þrjár gagnvirkar kjarnasýningar auk skynjunarsmiðju sem og 20 mínútna löng kvikmyndadagskrá. Safnið stendur fyrir vinnusmiðjum og samstarfsverkefnum innan- og utanlands sem snerta viðfangsefni safnsins.



ArtsIceland og Úthverfa  
Kol og salt, Ísafirði

1.000.000 kr

Starfseminni er ætlað að vera viðbót við það sem fyrir er og stuðla að því að koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu með listafólki í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur ArtsIceland og Gallerí Úthverfa eru í rekstri alla mánuði ársins og á fimmta tug listamanna dvelur í gestavinnustofunum á ári hverju. Allir viðburðir eru opnir almenningi og

leitast er við að hvetja til samskipta heimamanna og gestanna sem koma alls staðar að úr heiminum.



## Safn Gísla á Uppsölum


Selárdal

1.000.000 kr

Að Fremri-Uppsölum í Selárdal hyggst Félag um safn Gísla á Uppsölum opna sýningu þar sem lögð verður áhersla á sjálfbærni. Gísli á Uppsölum hefur orðið að einskona- táknmynd fyrir nægjustemi, nýtni og sjálfbærni. Húsakosturinn að Fremri-Uppsölum verður lagfærður, bæði íbúðarhús og útihús.

Einnig verður garður Gísla endurgerður og

hyggst safnið bjóða gestum upp á heimaræktað grænmeti og mat úr héraði.



Rafræn félagsmiðstöð: Öll fá sömu tækifæri

Í skýjunum

900.000 kr

Efling starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í skýjunum sem rekin er í tengslum við Ásgarð - skóla í skýjunum. Við viljum auka starfsemina til að geta boðið öllum ungmennum á Vestfjörðum að taka þátt og rjúfa þannig mögulega einangrun, efla tengsl og gefa ungmennum með sértæk áhugamál og fjölbreyttar áskoranir tækifæri til að tengjast jafningjum óháð búsetu. Áhersla er lögð á ungmennalýðræði og faglegt tómsundastarf. Nemi í tómsunda- og félagsmálafræði við HÍ leiðir verkefnið í samráði við skólann.

Galdur Brugghús

Auglýsingar og markaðsefni

Aleksandar Kuzmanic, Hólmavík

2.250.000 kr

From company logo to road signs and youtube commercials, building a brand requires dedication, time and money. This year we have already created our visual identity that is inspired by long tradition of witchcraft in Strandir with clean but striking designs that combine magical staves and Icelandic folklore. From this we need to take our brand to the next level by further developing our design, creating signs, banners, video content and other advertising material.







Seeds of change: seaweed farming for everyone

Fine Foods Íslandica, Reykhólum

1.500.000 kr

The Seeds of Change project will run seaweed farming trials in collaboration with coastal farmers in Reyhólahreppur and Strandabyggd. We will give public classes and support to anyone interested in beginning to grow seaweed in the Westfjords. The project aims to increase accessibility to seaweed farming for the public.

We believe social and environmental

sustainability can be accelerated collectively and collaboratively.

Dropi fyrir börn

True Westfjords, Bolungarvík

1.500.000 kr

Í verkefninu felst meðal annars að vinna með hönnuðum varðandi umbúðir og mögulegt markaðsefni. Einnig er þörf á vinnu með næringarsérfræðingi varðandi innihaldslýsingu en miklar kröfur eru gerðar um slíkt þegar um vörur fyrir börn er að ræða. Þá þarf einnig aðstoð sérfræðinga í vörubrúun og val á bragðefni sem hentar börnum.



Co-Living WestFjords

Leiry Yaritza Seron Hernandez, Flateyri

500.000 kr



Coliving West Fjords is a community living concept for like-minded people to live, work, and explore the West Fjords together. The main value of this experience is to provide friendly, safe, and accessible housing all across the West Fjords, reduce living costs, and give new life to unused living spaces amongst beautiful and unique nature in the West Fjords of Iceland.

## Hönnun og þróun minjagripalínu Sauðfjársetur á Ströndum

500.000 kr

Verkefnið snýst um hönnun á minjagripalínu. Sú vinna á að gefa af sér nýjar framleiðsluvörur og minjagripi sem seldir verða í sölubúð Sauðfjársetursins og eru framleiddir af safninu sjálfu.

Sótt er um styrk til Uppbyggingasjóðs fyrir undirbúningsvinnunni, hugmyndavinnu og hönnun með listafólki og vöruhönnuðum, en ekki framleiðslu á vörum sjálfum.



## Ilmkerti með vestfirskum ilmum

Fantastic Fjords, Ísafirði

700.000 kr



Við erum rík af ósnertri náttúru og víðerni á Vestfjörðum. Hingað leita ferðamenn til að upplifa fjöll og firði og komast í snertingu við hágæða vestfirska loftið. Þess vegna langar okkur að fanga þennan ilm sem umlykur vestfirðina í séríslensk ilmkerti. Ilmkerti sem lykta af kvönn, birki, berjalyngi, rekavið og sjávarilm sem heilla bæði ferðamenn sem og heimamenn. Hversu unaðslegt er að geta kveikt á ilmkerti á dimmu vetrarkvöldi og líða sem þú sért kominn norður á hornstrandir um mitt sumar.



## Þrjár bækur á ensku um íslenska þjóðtrú Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum / Þjóðfræðistofa

700.000

Ætlunin er að gefa út þrjár bækur á ensku um íslenska þjóðtrú í samvinnu við Galdrasýningu á Ströndum. Í þeim verður

fjallað um huldufólk, drauga og tröll. Um er að ræða samstarf listafólks, hönnuðar og fræðafólks.

Verkefnið snýst í senn um miðlun fræðanna, ferðaþjónustu og skapandi greinar.



## ArcticFish Midnight Special

Tyler Wacker, Ísafirði

700.000 kr

ArcticFish Midnight Special byggir á áhuga og eftirspurn eftir hjólrreiðaviðburðum á Vestfjörðum og mun auka umfang og skráningargetu Arna WFWC keppnisvikunnar með því að hýsa viðbótar „keppni innan keppni“ á lokadeginum (2. júlí 2023). Fyrstu skref verkefnisins eru að þróa framkvæmanlega keppnisáætlun og markaðsefni með tengingu á milli Cycling Westfjords, byggðum Vestfjarða og Vestfjarðastofu, og fleiri styrktaraðila.

## Þörungarræktun í hringrásarkerfi

Eldey Aqua, Bolungarvík

700.000 kr

Ræktun á rauð- og grænþörungum í lokuðu hringrásarkerfi.  
Frá frjóvgunarferli þörunganna yfir í nýtingu.



## Vörumessa MÍ

Menntaskólinn á Ísafirði

400.000 kr

Vörumessa MÍ er kynning á verkefnum nemenda sem þau vinna í áfanganum Hugmyndir og nýsköpun og er vettvangur fyrir unga frumkvöðla, fyrirtæki og samfélagið að þróa nýjar hugmyndir og lausnir á Vestfjörðum.

Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki/ráðgjafa á svæðinu og sjálfstæða vinnu nemenda að nýsköpunarlausn. Verkefnið undirbýr nemendur fyrir framtíðina og eykur færni þeirra til nýsköpunar, atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar°

## Frá Landinu – Artisanal home accessories

Ainara Aguilar Del Caz, Ísafirði

600.000 kr

Venjan að ganga skólaus heima hjá sér er hluti af íslenskri menningu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hafa aukabúnað sem hjálpar til við að halda fótunum hlýjum, öruggum og þægilegum á meðan þú ert heima.

Þessi viðskiptaáætlun mun hjálpa okkur að stofna fyrirtæki sem býður upp á inniskó og mottur úr íslensku sauðleðri. Þetta mun einnig stuðla að því að draga úr sóun á þessu leðri í búskap.





Vertical farming, viðskiptaáætlun

Martina Dirr, Bolungarvík

350.000 kr

Próun viðskiptaáætlunar fyrir ræktun grænmetis innandyrna á mörgum hæðum í sérhönnuðum gámum með LED lýsingu, svokallaður lóðréttur landbúnaður, eða indoorfarm. Markmiðið er að selja afurðir úr ræktun á Vestfjörðum, s.s. ræktað krydd, salat eða jarðarber sem vex í vatnsræktun.

Vaxtaverkir og vöruþróun

Cycling Westfjords, Ísafirði

800.000 kr

Við þurfum að hanna staðlaðar vörur sem við getum selt á hóflegu verði auk þess að bjóða áfram sérhannaðar vörur á réttu verði.

Til þess þarf að auka hæfni heimasíðunnar og fara í umbætur á henni sem og á viðskiptaáætluninni. Að fá ferðaskrifstofuleyfi fyrir aukið frelsi til að þjónusta okkar viðskiptavini. Að finna vænlegar leiðir til að markaðsetja Vestfirði og Vestfjarðarleiðina sem spennandi og áhugaverðan áfangastað fyrir reiðhjólafarðamenn.



Sjóstangveiði á Hólmavík

ÓBH útgerð

300.000 kr

Eftirtalin atriði falla undir verkefni

Lýsing á verkefni

- Sérnsniðið útlit og virkni ofan á WordPress vefumsjónarkerfið sem skalast að öllum skjástærðum.
- Sérnsniðinn bakendi þar sem auðvelt er fyrir starfsmenn að setja inn fréttir,
- Kennsla á vefinn.

Laupurinn - hús hrafnanna  
Ingibjörg Rósa Björnsdóttir, Flateyri

300.000 kr

Verkefnið er að gera viðskiptaáætlun fyrir Laupinn - hús hrafnanna, sem yrði fyrsti ferðamannastaðurinn á Íslandi eingöngu tileinkaður hrafninum. Aflað verður upplýsinga um kostnað við húsnæði á Þingeyri/í Dýrafirði, standsetningu húsnæðis, hönnun sýningarrýmis og rekstrarkostnað sem og hvort raunhæft verði að opna staðinn sumarið 2023.



Námskeið í náttúrustígagerð

Jóhann Birkir Helgason, Hnífsdal

250.000 kr

Um er að ræða langt helgarnámskeið 19 tímar, sem haldið verður á Ísafirði vorið 2023. Það er að mestu verklegt og fer reyndur kennari, Kjartan Bollason, með 8-12 nemendur út í mörkina (líklega Naustahvilt og Skógræktina í Tungudal, þar sem Stígar verða bættir með verklegri kennslu. Í upphafi er farið stuttlega yfir hugmyndafræði og aðferðir í skólastofu.



Sjósundsstaða á Þingeyri

Fasteignafélagið Þingeyri

760.000 kr

Hönnun áfangastaðar á Þingeyri á Vestfjörðum, þ.e. hönnun sjósundsstöðu við Þingeyrarodda með gufuböðum og heitum pottum ásamt nýrri bryggju. Í verkefninu felst hönnun mannvirkja, landmótun og útfærsla á verkfræðilegum lausnum.



Starfandi ferðamenn

Arnar Arinbjarnarson, Norðurfirði

500.000 kr

Ný stoð er að myndast í ferðaþjónustu í heiminum, sem eru starfandi ferðamenn, þ.e. einstaklingar sem geta starfað án staðsetningar og kjósa að ferðast um heiminn og starfa í fjarvinnu í leiðinni. Þessi starfandi ferðamenn gætu dvalið á hótélum eða gistiheimilum á Vestfjörðum sem annarsstaðar á landsbyggðinni sem standa tóm 8 mánuði á ári, greitt útsvar, aukið verslun og þjónustu og auðgað mannlífið í þorpunum, öllum til hagsbóta.

Nýjar vörur fyrir gamla verslun

Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson, Flateyri

500.000 kr

Gamla Bókabúðin á Flateyri í samstarfi við Reykjavík letterpress ætlaa að þróa og hanna nýja vestfirska vörulínu af ritföngum og stílabókum til sölu í versluninni á Flateyri, sem og í vefverslun hennar og mögulega víðar.



Sjálfbærara samfélag með Bokashi

Guðfinna Lára Hávarðardóttir,  
Stóra-Fjarðarhorni á Ströndum

300.000 kr

Bokashi hauggerjun er umhverfisvæn leið til að umbreyta lífrænum úrgangi á nýtanlegt form sem jarðvegsbætiefni án þess að tap verði á gróðurhúsalofttegundum í ferlinu. Með því að setja upp miðlæga hauga er hægt að minnka sóun og koma lífræna efninu aftur inn í næringarefnahringrásina.



### Menningarverkefni 2023

Skjaldbakan - fræðslustarf Skjaldborgar

Patreksfirði

340.000 kr


Skjaldbakan skríður um landið og býður upp á námskeið í birtingar heimildamyndagerð. Hún

býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Verkefnið gefur þeim tækifæri til þess að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Skjaldbakan vinnur með skólum á Patreksfirði, Seyðisfirði og í Reykjavík og býr þannig til tengingar þvert yfir landið.

The Pigeon International Film Festival  
Steingrímur Rúnar Guðmundsson, Ísafirði

1.100.000 kr

The Pigeon International Film Festival var fyrst haldin í október 2021 og var hún haldin í annað sinn í október 2022. Að hátíðinni stendur hópur Vestfirðinga sem hafa mikinn áhuga á kvikmyndagerð. Í ár komu 10 íslenskir og 26 erlendir gestir sem sýndu kvikmyndaverk á hátíðinni. Sýndar voru 61 mynd frá 24 löndum. Ætlunin er að gera þetta að árlegum viðburði.  
(Félagið okkar bíður eftir að fá afgreidda kennitölu)



### International Westfjords Piano Festival

Andrew Junglin Yang, Patreksfirði

700.000 kr

The International Westfjords Piano Festival presents world-class piano recitals in the beautiful Northwest region of Iceland. Each year invited pianists will collaborate together to produce exciting programs with a unique artistic vision and give masterclasses to the students in the community. Our second season will feature: Antoinette Perry (USA), Nína Margrét Grímsdóttir (Iceland), M.H. Park (France/South Korea), William Wellborn (USA), and Artistic Director, Andrew J. Yang (U.S.A./Iceland).

Lendingarstaður fyrir geimverur - We are in Space

Kol og salt, Ísafirði

500.000 kr

Útilistaverk á þekktu útsýnissvæði á Seljalandsdal eftir þýska listamanninn Björn Dahlem. Um er að ræða lendingarstað fyrir geimskip sem ber heitið WE ARE IN SPACE og er hluti af seríu sem listamaðurinn staðsetur á nokkrum stöðum víðsvegar um heiminn.



Act alone 2023

Suðureyri

1.200.000 kr

Act alone, elsta leiklistarhátíð Íslands, verður á sínum stað hið einstaka ár 2023. Actið verður haldið í einleikjapörpinu Suðureyri 10. - 12. ágúst. Boðið verður uppá á annan tug einstakra viðburða og einsog ávallt verður frítt á alla viðburði hátíðarinnar. Einnig verður boðið uppá ókeypis rútuferðir frá höfuðstað Vestfjarða til einleikjapörpíns alla hátíðina. Actið er alveg einstakt og engu öðru líkt.

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu

Ísafirði

1.500.000 kr

Edinborgarhúsið mun standa fyrir vönduðum viðburðum á sviði lista og bókmennta. Boðið verður upp á tónleika, leiksýningar, myndlistasýningar, danssýningar, bókmenntavökur og aðra menningarviðburði. Bæði rótgróna viðburði og vinsæla í bland við nýja og framsækna, ýmist á vegum menningarmiðstöðvarinnar eða í samstarfi við aðra aðila, íslenska og erlenda, innan svæðis og utan.







## Hádegistónleikar Ísafjarðar

Tónlistarskóli Ísafjarðar

600.000 kr

Um er að ræða hádegistónleika í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, 20-30 mín. að lengd. Ísafirðingar geta þannig skotið sér inn í hlýjuna í hádegishléi og notið upplifunar sem nærir sál og anda. Fengnir verða tónlistarmenn úr ýmsum greinum tónlistar og leitast við að velja mjög vandað efni.

## Í takt við tímann - tækni miðlun á safninu Sauðfjársetur á Ströndum

600.000 kr

Verkefnið snýst um innleiðingu tæknilausna og leikjavæðingu við miðlun safnsins á fróðleik og upplýsingum. Ætlunin er að ráðast í nokkur lítil verkefni á þessu sviði. Fyrst er að nefna að búa til tvo ratleiki á og við safnið. Í öðru lagi að gera tilraunir með þrívíddarmiðlun (3D) inni á sýningunni. Í þriðja lagi að setja upp litla ljósmyndasýningu utandyra þar sem QR kóði er notaður við tímaflakk. Í fjórða lagi verða svo þrjár eldri sýningar sem hafa verið teknar niður, settar upp á snertiskjá.



## Marketing of workshop series "Write It Out"

Greta Lietuvninkaité-Suscické, Ísafirði

300.000 kr

The marketing project of writing workshop series "Write It Out" focuses on three steps:

1. Social media marketing
2. Outbound marketing
3. Experiential marketing

Each step is designed to reach and attract participants from the Westfjords, who are interested in writing and practicing arts. Different steps aim to target the differences within the audience, and more detailed marketing plan is attached below.



## Vetrarljós á Veturnóttum

Kol og salt, Ísafirði

250.000 kr

Vetrarljós á Veturnóttum er ljósaverk sem miðar að því að auka sýnileika Vetrarnæturhátíðarinnar sem haldin er á Ísafirði ár hvert. Rýmið umhverfis bæjartorgið er virkjað með ýmsum útfærslum á bláu ljósi þann tíma sem hátíðin stendur yfir (ein vika) og er ætlað vera viðbót við aðra viðburði hátíðarinnar og vinna með þeim.



## Ullarfléttan

Sauðfjársetur á Ströndum

700.000 kr

Á nýrri sérsýningu á Sauðfjársetrinu verður fjallað um ullarvinnslu og ólíka notkun ullar fyrr og nú. Í tengslum við sýninguna verða á dagskránni ýmiskonar námskeið, fróðleiksmiðlun, málþing og viðburðir. Sýningin verður sett upp á listasviðinu í Sævangi og stefnt að opnun haustið 2023.

## Blús milli fjalls og fjöru

Patreksfirði

750.000 kr

Tónlistarhátíð þar sem blúsinn er allsráðandi.

Hátíðin verður haldin í tólfta sinn 2023 og metnaður mikill í að gera enn betur enn áður.

Áhersla er lögð á vandaða dagskrá á hóflegu aðgöngumiðaverði. Blús milli fjalls og fjöru er tveggja daga hátíð, með það að markmiði að gæða Vestfirði tónlistarlegri dýpt og nýrri upplifun á tónlist þræla og fanga í Ameríku meðan það viðgekkst langt fram á síðustu öld.



Margir þekktir tónlistarmenn og hljómsveitir tileinkuðu sér tónlist gömlu meistaranna.



### Ráðstefna um íslensku sæskrímslin Skrímslasetrið, Bíldudal

500.000 kr

Skrímslasetrið á Bíldudal og Listahátíð í Reykjavík efna til ráðstefnu um sæskrímsli á Íslandi í maí 2023. Á ráðstefnunni verður stefnt saman listafólki annars vegar og helstu sérfræðingum landsins í íslenskum þjóðsagnaarfi hins vegar og þá sérstaklega þeim sem sérhæft hafa sig í sæskrímslum. Ráðstefnan er mikilvægur hluti af

undirbúningi og rannsóknarvinnu fyrir stóra íslenska götuleikhússýningu sem verður á dagskrá Listahátíðar 2024 og mun ferðast víða um land, þar með talið til Vestfjarða.

### Haukadalsfranska Kómedíuleikhúsið, Þingeyri

500.000 kr

Haukadalsfranska er nýtt íslenskt og alvestfirskt leikverk með frönsku ívafi. Árlega voru hinir frönsku sjómenn fastir eða öllu heldur siglandi gestir á Haukadalsbótinni. Mörg gerðust þar samskiptin og ævintýrin millum Haukdæla og Fransmanna svo úr varð meira að segja sérstakt tungumál, Haukadalsfranska.



### SeaGirls: Ljósmyndasýning

Catherine Patricia Chambers, Ísafirði

500.000 kr

The photographs have been collected using a participatory photography approach with 20 girls aged 7-12, who took pictures of "what the ocean means to me." After the collection of the photos it was clear more work was needed than the student summer project had time for. We propose to hire a project assistant who can go deeper into the photos and work with the children who took the photos to hear their voices.

Samkomuhús Súðavíkur – viðburðir í  
apríl 2023


Elísabet Gunnarsdóttir

150.000 kr

Listasafn ASÍ stendur fyrir myndlistarsýningu á verkum Unu Bjargar Magnúsdóttur í Félagsheimilinu í Súðavík í apríl 2023. Skipulagðir verða viðburðir í tengslum við sýninguna í samvinnu safnsins, Samkomuhúss Súðavíkur, skólanna, íbúa Súðavíkur og fleiri aðila.



Viðburðir sem tengjast opnun sýningarinnar munu m.a. taka mið af dagskrá Skíðavíku og Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðarinnar.



3 F. Chopin tónlistarhátíðin á Ísafirði

Fryderyk Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi

400.000 kr

F.Chopin tónlistarfélagið á Íslandi ætlar að halda 3. F.Chopin Tónlistarhátíð á Ísafirði en tónleikarnir hafa orðið fastur og mjög vinsæll punktur í menningarífi Vestfjarða. Tónlistarhátíðin mun gefa vestfirskum tónlistarunnendum tækifæri til þess að njóta heimstónlistar í flutningi fremstu tónlistarmanna frá Vestjörðum og gestum þeirra.

Hljóðleiðsögn á Hnjóti  
Minjasafn Egils Ólafssonar

400.000 kr

Í samstarfi við Kómedíuleikhúsið ætlar Minjasafn Egils Ólafssonar að setja upp hljóðleiðsögn um grunnsýningu safnsins. Sýningin er frá árinu 1983 og hefur verið hefð fyrir því að bjóða uppá lifandi leiðsögn fyrir gesti safnsins. Nú geta gestir safnsins notið leiðsagnar á eigin vegum og stjórnað ferðinni í gegnum safnið sjálfir. Upplifunin verður dýpri, fræðslan meiri og hægt verður að sinna öllum gestum samtímis.





### Menningardagsskrá 2023

FLAK, Patreksfirði

700.000 kr

Frá upphafi hefur FLAK verið hugsað sem suðupottur fyrir hvers konar list- og menningarviðburði og er markmið okkar að auðga mannlíf, menningu og menningar-tengda ferðapjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum. Við trúum því og höfum sýnt fram á að fjölbreyttir viðburðir á borð við tónleika, listasýningar, fræðslufundir og fyrirlestrar séu samfélagslega mikilvægir og

styrki ímynd fólks af svæðinu - bæði innan svæðis og út á við.

### ArtsIceland viðburðir

Kol og salt, Ísafirði

150.000 kr

Með starfseminni viljum við koma Vestfjörðum á kortið sem lifandi vettvangi listsköpunar og miðlunar á listasviðinu í háum gæðaflokki. Gestavinnustofur ArtsIceland eru í rekstri árum um kring og rúmlega 40 listamenn dvelja þar í skemmri eða lengri tíma. Skipulagðir eru viðburðir og uppákomur með þátttöku gestkomandi listafólks og þeirra sem eru búsettir á svæðinu. Allir viðburðirnir eru opnir almenningi.



### Gallerí Úthverfa sýningar 2023

Kol og salt, Ísafirði

400.000 kr

Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space er lifandi sýningarvettvangur fyrir samtímalist í miðbæ Ísafjarðar. Sýningarýmið hefur verið vettvangur myndlistar síðan 1985 og þar eru að jafnaði tólf sýningar á ári.

Þjóðbúningur herra, námskeið  
Friðgerður Guðný Ómarsdóttir, Ísafirði

150.000 kr

Þjóðbúningur er menningararfur. Mjög fáir eiga herra þjóðbúning á Vestfjörðum. Við viljum að fleiri fái tækifæri til að eignast og klæðast þjóðbúningi við hátíðleg tækifæri.



The Factory Art Exhibition

Hótel Djúpavík

700.000 kr

The Factory is an annual art exhibition in the remote town of Djúpavík. Each summer, the old fish factory serves as the frame around the exhibition where national and international artists meet on common ground to show a variety of visual arts, sound and installations.

All works of art contain the artist's personal impression of Iceland, as well as a direct interaction with the

environment. Site-specific installations are in focus as well as textural, colourful and voluminous diversity.

Leikrit í fullri lengd

Leikfélag Hólmavíkur

600.000 kr

Setja á upp leikrit í fullri lengd. Búið er að velja leikverkið Himnaríki, geðklofinn gamanleikur eftir Árna Ibsen. Framundan er að finna leikstjóra, samlestur og æfingar. Stefnt er að því að frumsýna verkið í mars 2023.





Hinsegindagar sunnanverða Vestfjarða  
Eyrún Lind Árnadóttir, Patreksfirði  
200.000 kr

Hinsegin hátíð á sunnanverðum Vestfjörðum. Dagskráin verður blanda af skemmtun og fræðslu með það að markmiði að auka sýnileika hinsegin fólks á sunnanverðum Vestfjörðum auk þess að stuðla að aukinni fræðslu í samfélögunum. Verkefnið er viðbót við fjölbreytt menningarstarf á svæðinu og er ætlað að vekja athygli á mannréttindabaráttu hinseginfólks á landsbyggðinni.

Leiklistarstarf fyrir börn  
Halldóra Jónasdóttir, Ísafirði  
500.000 kr

Leiklistarhópur Halldóru hefur verið með sumarnámskeið fyrir börn í leiklist og sett upp leiksýningar síðan árið 2017 og vill halda því áfram. Þjóða upp á fleiri námskeið, á fleiri stöðum óháð árstíðum.



Söngleikur – Samstarfsverkefni LL og TÍ  
Litli leikklúbburinn og  
Tónlistarskóli Ísafjarðar  
800.000 kr

Litli leikklúbburinn setur upp söngleik í fullri lengd í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Söngleikurinn verður settur upp í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, undir faglegri leiðsögn leikstjóra og tónlistarstjóra, með samvinnu áhugaleikara og tónlistarfólks haustið 2023.

40 ára afmælisdagskrá  
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti

500.000 kr

Árið 2023 verða liðin 40 ár síðan Minjasafn Egils Ólafssonar var opnað formlega af Frú Vigdísí Finnbogadóttur. Til stendur að fagna þessum áfanga með hátíðardagskrá og afmælisýningu sem mun hefjast á afmælisdaginn sjálfan 23. júní 2023.



Þjötllurnar

Tinna Ottesen, Ísafirði

400.000 kr

Þjötllurnar er heimildamynd um bútasaumshóp kvenna af Vestfjörðum. Markmið Þjatlanna er mun fjölþættara en bara að sauma. Þar er lífið sjálft undir nálarauga í því litla samfélags sem myndast, og konurnar gefa sig í samtal, hlustun og gleði.

Endurhönnun á Galdrasýningunni  
Strandagaldur, Hólmavík

900.000 kr

Núna þegar 22 ár eru frá opnun Galdrasýningar er kominn tími til að huga að endurhönnun sýningarinnar. Upphafspunkturinn að því ferli er að endurhanna fyrrum inngang Galdrasýningarinnar þar sem sýningin hefst, til að standa betur að fyrstu upplifum gestsins að sýningunni.







Að beisla eldinn: Síðasti smiðurinn í vélsmiðjunni á Þingeyri

Austan mána ehf., Þingeyri

500.000 kr

"Að beisla eldinn" er heimildarmynd um vélsmiðjuna á Þingeyri og síðasta vélsmiðinn, sem enn starfar með upprunalegum tækjum og sömu aðferðum of við stofnun fyrir 100 árum síðan.

Steyptir draumar – líf og list Samúels Jónssonar

Félag um listasafn Samúels, Selárdal

500.000 kr

Steyptir draumar - líf og list Samúels Jónssonar er heiti bókar sem sótt er um styrk til að hanna og gefa út. Ágóði af sölu bókarinnar mun renna allur til Listasafns Samúels. Sögumiðlun gefur bókina út í samstarfi við Félag um listasafn Samúels. Einnig er sótt um framlag til að hanna nýjan vef Listasafns Samúels og minjagripa út frá verkum Samúels.



Menningarhátíð Dunhaga

Dagný Alda Steinsdóttir, Tálknafirði

300.000 kr

Menningarhátíð Dunhaga er metnaðarfull hátíð sem haldin er í þriðja sinn í samkomuhúsinu Dunhaga á Tálknafirði. Margir þjóðþekktir og upprennandi listamenn, rithöfundar, ljóðskáld, sviðslista- og tónlistafólk stíga á stökk á efri hæð hins sögufræga samkomusals á Dunhaga Tálknafirði til að skemmta, fræða og blása ferskum anda listarinnar í brjóst áhorfenda.

Menningarhátíðin nær til íbúa Vestfjarða og ferðamanna sem hafa hug á að heimsækja vestfirði yfir sumartímann.